



Sjálfbærnistefna Landsbankans

LANDSBANKINN HF | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

28. september 2021

Efnisyfirlit

1. Gildissvið	3
2. Markmið	3
3. Skilgreiningar	3
4. Ábyrgðaraðilar stefnunnar	3
4.1. Bankaráð	3
4.2. Framkvæmdastjórn	3
5. Efnisatriði stefnunnar	4
5.1. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	4
5.2. Umhverfismál (U)	4
5.3. Félagslegir þættir (F)	4
5.4. Stjórnarhættir (S).....	4
5.5. UFS-áhættumat.....	5
5.6. Ábyrgar fjárfestingar.....	5
5.7. Ábyrgar lánveitingar	6
6. Skuldbindingar Landsbankans í sjálfbærni	7

1. Gildissvið

Sjálfbærnistefna Landsbankans (hér eftir „stefnan“ eða „stefna þessi“) gildir fyrir Landsbankann hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“ eða „bankinn“).

Landsbankinn getur í gegnum starfsemi sína haft áhrif á sjálfbærni, UFS-þætti og umbreytingar- og raunlæga áhættu.

2. Markmið

Markmið stefnunnar er að skilgreina áherslur í sjálfbærni og lýsa því hvernig bankinn hyggst tileinka sér þær áherslur í starfsemi sinni. Með stefnunni er stutt við áherslur „Landsbanka nýrra tíma“ með því að lýsa því hvernig bankinn ætlar að takast á við þær breytingar samtímans sem sjálfbærnihugsun krefst. Með þeim umbreytingum er unnið að hagsmunum bankans, viðskiptavina Landsbankans og samfélagsins alls til framtíðar.

Áherslur bankans í sjálfbærni skiptast í umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti.

Bankinn ætlar að sýna frumkvæði í upplýsingagjöf um sjálfbærnimál.

3. Skilgreiningar

Í stefnu þessari er stuðst við ákveðin orð og hugtök sem hafa skulu eftirfarandi merkingu.

- Hugtakið sjálfbærni vísar í samþættingu þriggja meginstoða sem eru almannahagsmunir, hagnaður og heimurinn (e. people, profit, planet). Auðlindir jarðar eru takmarkaðar og auðlindanotkun getur ekki farið út fyrir þau endanlegu mörk sem náttúran setur án þess að skaða almannahagsmuni til framtíðar. Hugtakið sjálfbær þróun var fyrst rannsakað og útskýrt í Brundtland-skýrslunni, sem kom út árið 1987. Skýrslan skilgreindi sjálfbæra þróun sem „þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum“.
- Með UFS-þáttum er átt við umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (e. environmental, social, governance). Viðmið í umhverfismálum snúa að því hvernig fyrirtæki gætir að umhverfislegum áhrifum starfsemi sinnar. Félagsleg viðmið snúa að því hvernig fyrirtæki koma fram við starfsfólk sitt, birgja, viðskiptavini og samfélagið sem það starfar í. Viðmið um stjórnarhætti snúa t.d. að stjórnun fyrirtækja, launum framkvæmdastjóra, innra eftirliti og réttindum hluthafa.
- Umbreytingaráhætta (e. transition risk) er áhætta sem skapast þegar reglur og viðmið breytast, s.s. með sköttum og hegðunarmynstri.
- Raunlæg áhætta (e. physical risk) myndast þegar loftslagsbreytingar eða aðrir UFS-þættir hafa áhrif á innviði og eignir, s.s. með hækkandi sjávarmáli, aukinni úrkomu og súrnun sjávar.

4. Ábyrgðaraðilar stefnunnar

4.1. Bankaráð

Bankaráð samþykkir sjálfbærnistefnu Landsbankans. Stefnan skal rýnd og uppfærð á tveggja ára fresti.

4.2. Framkvæmdastjórn

Bankastjóri ber ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnu þessarar gagnvart bankaráði.

Bankastjóri ber einnig ábyrgð á eftirliti með framkvæmd stefnunnar og miðlar upplýsingum árlega til bankaráðs.

Samþykktir og breytingar á megináherslum og viðmiðum eru á ábyrgð framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjóri Samfélags ber ábyrgð á mótun, viðhaldi og kynningu á sjálfbærnistefnunni.

5. Efnisatriði stefnunnar

5.1. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Landsbankinn leggur áherslu á fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sinni:

- Markmið 5, um jafnrétti kynjanna
- Markmið 8, um góða atvinnu og hagvöxt
- Markmið 9, um nýsköpun og uppbyggingu
- Markmið 13, um aðgerðir í loftslagsmálum

5.2. Umhverfismál (U)

Landsbankinn reynir eftir fremsta megni að vernda umhverfið í starfsemi sinni og auka umhverfisvitund meðal haghafa. Bankinn er ábyrgur í auðlindanotkun og leitast við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og úrgang frá rekstri. Bankinn metur losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri sínum og óbeina losun frá lánasafni samkvæmt aðferðafræði Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF). Með því að þekkja losun frá útlánasafninu og þróun hennar getur Landsbankinn metið áhættu tengda loftslagsbreytingum (umbreytingaráhættu og raunlæga áhættu) og gert viðeigandi álagspróf, sviðsmyndagreiningar og ráðstafanir, gerist þess þörf.

5.3. Félagslegir þættir (F)

Landsbankinn kemur fram af sanngirni við starfsfólk sitt, birgja, viðskiptavinum og samfélagið sem bankinn starfar í. Bankinn styður samstarfsaðila sína sem huga að þessum þáttum í starfsemi sinni. Bankinn vill tryggja að unnið sé að félagslegum þáttum, enda er það samfélaginu öllu til góða.

5.3.1. Starfsfólk Landsbankans

Ráðningarsamningar og kjör starfsfólks Landsbankans byggja á kjarasamningi sem grundvallast á íslenskri vinnumarkaðslöggjöf. Vinnumarkaðslöggjöfin tekur m.a. mið af grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Landsbankinn starfar jafnframt að öðru leyti í samræmi við íslenska vinnumarkaðslöggjöf, sem tekur mið af samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

5.3.2. Viðskiptavinir Landsbankans

Landsbankinn leggur sig fram við að einfalda viðskiptavinum lífið og bjóða þeim framúrskarandi þjónustu.

5.3.3. Birgjar Landsbankans

Landsbankinn á viðskipti við fjölmarga birgja og þjónustuaðila. Landsbankinn er í góðu samstarfi við birgja sína og leitast við að gæta sanngirni, jafnræðis og meðalhófs í samskiptum við þá, bankanum og samfélaginu til hagsbóta. Landsbankinn ber keðjuábyrgð í gegnum viðskipti sín og tekur því mið af hinum tíu grundvallarviðmiðum hnattræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna í samskiptum við birgja. Þannig er stuðlað að sjálfbærum viðskiptaháttum og sanngirni gagnvart öllum sem hafa aðkomu að virðisikeðju vöru eða þjónustu. Jafnframt styður bankinn birgja við að auka og þróa sjálfbærni í starfsemi sinni.

5.4. Stjórnarhættir (S)

Með góðum stjórnarháttum leggur Landsbankinn grunn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðs, stjórnenda, starfsfólks, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, og stuðlar að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Landsbankinn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, og viðmiðunarreglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja. Bankinn gerir árlega grein fyrir stjórnarháttum sínum og metur samræmi þeirra við leiðbeiningarnar.

5.5 UFS-áhættumat

Landsbankinn greinir UFS-áhættuþætti í samræmi við viðmið evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA). Tvenns konar UFS-áhætta er skoðuð:

- Umbreytingaráhætta
- Raunlæg áhætta

5.6. Ábyrgar fjárfestingar

Landsbankinn vill vera í fararbroddi ábyrgra fjárfestinga, enda hefur sú aðferðafræði jákvæð áhrif á ávöxtun fjárfestinga til lengri tíma og dregur úr rekstraráhættu. Landsbankinn hefur hliðsjón af leiðbeiningum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) í starfi sínu.

Tilgangur umfjöllunar um ábyrgar fjárfestingar í sjálfbærnistefnu bankans er að setja fram skilvirka og trúverðuga nálgun á álitaefni er snúa að ábyrgum fjárfestingum. Landsbankinn leitast við að samþætta sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir án þess að fórna ásættanlegri arðsemi af fjárfestingum. Ábyrgar fjárfestingar, eins og þeim er lýst hér, eiga fyrst og fremst við fjárfestingar í skráðum og óskráðum verðbréfum, fyrir hönd bankans eða viðskiptavina hans. Viðskiptavinir í eignastýringu hljóta kynningu á ábyrgum fjárfestingum sem hluta af starfsemi Eignastýringar og miðlunar.

Ábyrgar fjárfestingar fela í sér að:

- Leggja mat á UFS-þætti félaga þegar hugað er að fjárfestingu í þeim.
- Stuðla að stöðugum umbótum á sviði UFS-þátta, bæði hjá bankanum sjálfum og þeim fyrir-tækjum sem hann fjárfestir í, með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif.
- Veita reglulega upplýsingar um ábyrgar fjárfestingar.

5.6.2. Aðferðafræði

Starfshættir Landsbankans varðandi ábyrgar fjárfestingar byggja á eftirfarandi aðferðafræði:

- Landsbankinn styður við ábyrgar fjárfestingar með virkum samræðum og upplýsingagjöf um þær.
- Bankinn vinnur með öðrum fjárfestum og hagsmunaaðilum að því að auka vitund um og vægi ábyrgra fjárfestinga á Íslandi.
- Bankinn getur notað atkvæðisrétt sinn á hluthafafundum ef bankinn telur vera ósamræmi á milli stefnu fyrirtækis og viðmiða um góða stjórnarhætti.
- Í tilfellum þar sem atvinnugreinar geta haft neikvæð umhverfis- eða samfélagsáhrif verður horft til þess með hvaða leiðum unnið er að því að draga úr þessum áhrifum innan viðkomandi fyrirtækis.
- Við mat á fjárfestingarkostum er framkvæmt UFS-áhættumat. Landsbankinn getur nýtt sér greiningar þriðja aðila við áhættumat þegar kemur að greiningum á fjárfestingarkostum.
- Neikvæðri skimun kann að vera beitt í undantekningartilvikum. Ef fyrirtæki gerist ítrekað brotlegt gegn landslögum, alþjóðalögum eða samningum sem Ísland hefur fullgilt, áskilur bankinn sér rétt til að útiloka það úr fjárfestingarmengi sínu. Neikvæð skimun á að vera undantekningartilfelli sem beitt er þegar samræður við fyrirtæki og önnur úrræði hafa ekki borið tilætlaðan árangur.

5.6.3. Viðmið og leiðbeiningar

Við mat á fjárfestingum er jafnframt horft til eftirfarandi atriða:

- Alþjóðalög og alþjóðasáttmálar sem Ísland hefur fullgilt
- Starfsleyfisráðgjafi
- Hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna
- OECD Guidelines for Multinational Companies
- OECD Corporate Governance
- Leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Nasdaq OMX Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja og leiðbeiningar Nasdaq OMX Iceland um samfélagsábyrgð
- Greiningar á viðeigandi UFS-þáttum fyrirtækja
- Upplýsingagjöf varðandi UFS-þætti, t.d. GRI skýrslur, Nasdaq UFS-skýrslur eða önnur viðeigandi upplýsingagjöf
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

5.6.4. Samstarf

Landsbankinn er aðili að viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI) og leggur áherslu á að samstarfsaðilar bankans, þeir sem koma að greiningu fyrirtækja fyrir hönd bankans og sjóðstjórar, séu þátttakendur eða taki tillit til viðmiða SP um ábyrgar fjárfestingar í starfsemi sinni.

Landsbankinn er í samstarfi við innlenda og erlenda greinendur um að greina útgefendur með tilliti til UFS-þátta. Landsbankinn leitast eftir samstarfi við aðra fjárfesta, sjóðstjóra, greiningaraðila og hagsmunaaðila við að innleiða ábyrgar fjárfestingar á Íslandi.

5.6.6. Upplýsingagjöf

Virkar samræður við fyrirtæki um UFS-þætti byggja á gagnkvæmu trausti. Lögð er áhersla á að viðhalda trausti þeirra fyrirtækja sem bankinn hefur fjárfest í. Landsbankinn birtir árlega upplýsingar um UFS-þætti í samræmi við reglur viðmiða SP um ábyrgar fjárfestingar.

5.7. Ábyrgar lánveitingar

Landsbankinn vill vera í fararbroddi hvað varðar ábyrgar lánveitingar, enda draga ábyrgar lánveitingur úr rekstraráhættu fyrirtækja.

Með ábyrgum lánveitingum er innleitt áhættumat þar sem UFS-þættir fyrirtækja eru metnir við lánaákvæðni og fest í sessi skilvirk og trúverðug nálgun á UFS-þætti lánamála. Nálgun ábyrgar lánveitingar stuðlar að auknum gæðum útlána, minni áhættu og bættri samkeppnisstöðu fyrirtækja. Jafnframt er leitast við að ná ásættanlegri arðsemi af lánveitingum bankans.

Ábyrgar lánveitingar fela í sér að:

- Lagt sé mat á UFS-þætti fyrirtækja sem lánað er til og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif þeirra.
- Landsbankinn stuðlar að stöðugum umbótum á sviði UFS-þátta, bæði í eigin starfsemi og hjá þeim fyrirtækjum sem bankinn lánar til.
- Skoða UFS-áhrif fyrirtækjalána út frá skilgreiningum sjálfbærrar fjármálaumgjarðar Landsbankans.

5.7.2. Aðferðafræði

Starfshættir Landsbankans varðandi ábyrgar lánveitingar byggja á eftirfarandi aðferðafræði:

- Virkum samræðum.
- Mati á sjálfbærni viðskiptavina.
- Samþættingu UFS-þátta við greiningar og lánaákvæðanir.
- Hliðsjón af UFS-áhættumati Landsbankans á fyrirtækjum, þar sem Landsbankinn kann að nýta sér UFS-áhættumat þriðja aðila við ákvörðanartöku.
- Gerist fyrirtæki ítrekað brotlegt gegn landslögum, alþjóðalögum eða samningum sem Ísland hefur fullgilt, áskilur bankinn sér rétt til að endurskoða viðskiptasamband sitt við viðkomandi fyrirtæki. Neikvæð skimun á að vera undantekningartilfelli sem er aðeins beitt þegar samræður við fyrirtæki og önnur úrræði hafa ekki borið tilætlaðan árangur.

6. Skuldbindingar Landsbankans í sjálfbærni

Landsbankinn heldur utan um skuldbindingar sínar í sjálfbærni með þátttöku í verkefnum sem talin eru upp hér að neðan og miðlar upplýsingum um framvindu sjálfbærni í bankanum með árlegri skýrslu ritaðri samkvæmt viðmiðum GRI (e. Global Reporting Initiative).

- Festa, miðstöð um sjálfbærni og samfélagsábyrgð
- Hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna
- Viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI)
- Fjármálaverkefni Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP FI)
- IcelandSIF, samtök um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi
- Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (Principles for Responsible Banking, (PRB))
- PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials)